



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 20.3.2025
Málsnúmer: 202501-0113
MH

Efni: Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032, Litla-Botnsland 1

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar, sem barst í gegnum Skipulagsgátt 30. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar fyrir Litla-Botnsland 1 (L224375).

Skipulagssvæðið tilheyrir svæði nr. 201 á C-hluta náttúruminjaskrár og er í nálægð við svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta skrárinnar vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Náttúrulegur birkiskógur er á öllu skipulagssvæðinu þó þekja sé ekki samfelld, en inn á milli eru mólendi, moslendi og melar. Birkiskógurinn virðist vera í sókn á svæðinu. Ekki liggur fyrir hver af þremur skóglendisvistgerðum er ríkjandi en allar hafa þær hátt verndargildi.

Plöntuskráning í landi Litla-Botns fór fram árið 1979 en fáar nýrri skráningar eru til. Þær æðplöntutegundir sem hafa verið skráðar á svæðinu eru flestar algengar og engin þeirra er á valista eða friðlýst. Þó mætti nefna tegundina sótstör (*Carex atrata*) sem vex dreift um allt land en hvergi er mikið af henni. Þá hefur laugamaðra (*Galium uliginosum*), sem er fremur sjaldgæf en ekki á valista, verið skráð í Botnsvogi (2009) og við Botnsá (1962). Æskilegt væri að skrá plöntur á svæðinu ef af framkvæmdum verður til að fá betri mynd af tegundafjölbreytni þess.

Ekki hefur verið gerð úttekt á fuglalífi á svæðinu og því er óvíst hvaða áhrif fyrirhugaðar framkvæmdir kynnu að hafa á fugla þar. Miðað við gróðurfar er líklegt að svæðið hýsi fyrst og fremst skógarfugla, s.s. skógarþröst, auðnutittling og músarrindil. Stofnar þessara tegunda standa þó vel á landsvísu vegna aukinnar skógræktar.

Náttúrufræðistofnun veitti áður umsögn, dags. 20. mars 2024, um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag í landi Litla-Botnslands 1 vegna fyrirhugaðs verslunar- og þjónustusvæðis. Í þeirri umsögn var bent á mikilvægi þess að gæta hófs við skipulagningu frístundabyggða og verslunar- og þjónustusvæða innan náttúruverndarsvæða og hafa verndarhagsmundi að leiðarljósi.

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd njóta „sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré“ sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Með hliðsjón af þessu er óljóst hvernig fyrirhuguð uppbygging getur orðið að veruleika án verulegs rasks á birkiskógum, sem myndi bæði breyta ásýnd svæðisins og rýra verndargildi þess.

Ef af framkvæmdum verður þarf sérstaklega að huga að gróðri svæðisins. Áform um að gróðursetja tíu tré fyrir hvert tré sem tekið er er varhugaverð hvað fuglalíf varðar. Svæðið í nágrenni framkvæmdarsvæðisins er mikilvægt bæði að vetri og sumri fyrir vatnafugla og vaðfugla. Mikill fjöldi fugla dvelur við Botnsá og á leirunum fyrir botni fjarðarins. Rannsóknir hafa sýnt að jaðaráhrif skóga



geta náð allt að 250 metrum út fyrir jaðar þeirra¹. Ef umfangsmikil trjágróðursetning er fyrirhuguð er mælt með að hún fari fram á ógrónum svæðum og eins langt frá ánni og ströndinni og unnt er.

Þar sem hér er um náttúrulegan birkiskóg að ræða er mikilvægt að öll útplöntun og ræktun sé vel ígrunduð. Í því samhengi væri hugsanlega æskilegra að færa tré frekar en planta nýjum, þar sem nýgróður gæti verið af öðrum stofni en sá sem fyrir er á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

¹ Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. og Gunnarsson, T. G. (2022). Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>